

Alþingi
Erindi nr. P 133/1319
komudagur 1.3.2007

Allsherjarnefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Vegna ofangreinds frumvarps sem er til meðferðar hjá Allsherjarnefnd Alþingis óskum við undirrituð, löglærðir aðstoðarmenn dómara, eftir því að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Við viljum byrja á því að ítreka jákvæða afstöðu okkar til frumvarpsins, og vísum í því sambandi til umsagnar Stéttarfélags lögfræðinga.

Almenn samstaða er um að rýmka heimildir aðstoðarmanna dómara. Viljum við því benda á mikilvægi þess að ákvæði 6. gr. frumvarpsins verði samþykkt, þar sem dómstjórum eru fengnar heimildir til að veita aðstoðarmönnum aukin verkefni. Unnt er að nýta heimildir þessar eftir þörfum og er ákvörðun um þetta í höndum dómstjóra. Að hluta til er um að ræða verkefni sem þegar eru unnin af aðstoðarmönnum en í nafni viðkomandi dómara. Sem dæmi má nefna að árita stefnur þegar útivist hefur orðið af hálfu stefnda, að stjórna reglulegum dómþingum og gjaldþrotþingum og að semja dómsúrlausnir í ýmsum smærri málum. Gæti það orðið til mikils hagræðis að aðstoðarmenn ynnu þessi verk í eigin nafni.

Jafnframt er bent á mikilvægi þess að ákvæði 8. gr. verði samþykkt, en breytingin hefði í för með sér mikla einföldun og vinnusparnað. Tökum við heils hugar undir hana.

Regla sú sem fram kemur í ákvæði 6. gr. frumvarpsins myndi stuðla að því að störf aðstoðarmanna dómara nýtist betur héraðsdómstólunum til eflingar. Þá er það aðstoðarmönnum mikið hagsmunamál að fá að takast á við aukin og krefjandi verkefni. Við teljum því að það hafi mikla þýðingu fyrir dómstólana að fyrirnefndar breytingar á dómstólalögum og réttarfarslögum verði samþykktar.

Virðingarfyllst,

löglærðir aðstoðarmenn héraðsdómara,

Trína Axelíttir Héraðsdómi Reykjavíkur
Þryggjólga Kjartanna
Þóra Jóhannsdóttir Héraðsdómi Reykjavíkur
Pállur Mísson Héraðsdómi Suðurlands
M. Sigríður Jósefsdóttir Héraðsdómi Reykjavíkur
B. B. Héraðsdómi Reykjavíkur
Hulda Guðný Kjartansdóttir Héraðsdómi Reykjavíkur
Lilja Rím Sigurðardóttir Héraðsdómi Reykjavíkur
M. Árbjörg Sigurðardóttir HON
Ásta Stefánsdóttir Héraðsdómi Reykjavíkur